

Umfram mjólkurverð

Undanfarna mánuði hefur verð á mjólkurafurðum á alþjóðamörkuðum hækkað að nýju eftir mikið verðfall í fyrra. Þetta endurspeglast í ákvörðun stjórnar Mjólkursamsölnnar að hækka greiðslur fyrir umfram mjólk á þriðja ársfjórðungi.

Á síðasta verðlagsári skuldbatt Mjólkursamsalan sig til að greiða fast verð fyrir umfram mjólk, sem þá endurspegladi horfur á heimsmarkaði. Vegna verðfallsins tapaði félagið umtalsverðum fjármunum á útflutningnum. Því var nauðsynlegt að laga greiðslur að markaðsaðstæðum. Ákveðið var í upphafi árs að öllum greiðslumarkshöfum yrðu greiddar 35 krónur pr.ltr. fyrir umfram mjólkurframleiðslu sem næmi 1,5% af greiðslumarki viðkomandi. Þá var einnig ákveðið að greiðsla fyrir aðra umfram mjólk yrði að lágmarki 25 krónur pr.ltr. á almannaksárinu 2010 og að verðið yrði endurskoðað á ársfjórðungsfresti.

Verðið fyrir nýbyrjaðan ársfjórðung var ákvarðað 30 krónur pr.ltr. og 40 kr. pr.ltr. fyrir sem svara 1,5% greiðslumarks hvers greiðslumarkshafa.

Útflutningur Mjólkursamsölnnar á dufti og smjöri á sér ekki stað jafnt og þétt yfir árið, heldur fer í nokkrum sendingum sem eru á bilinu 50 til 100 tonn. 100 tonn af mjólkurdufti samsvara um 1 milljón lítra af mjólk. Undanfarin ár hefur félagið flutt út sem svara 7 milljónum lítra af mjólk, en á þessu ári eru horfur á að útflutningur verði um 5,5 milljónir lítra. MS nær yfirleitt ekki þeim skráðu hámarksverðum sem gefin eru út fyrir markaðinn. Ástæðan er fyrst og fremst sú að félagið kys að fá afurðir staðgreiddar og smæð félagsins gerir að verkum að það tryggir kaupendum sínum ekki stöðugt vörufæði.

Pegar MS reiknar áætlað skilaverð til bænda fyrir tiltekinn ársfjórðung hefur félagið til hliðsjónar þau verð sem það hefur náð á markaði á liðnum ársfjórðungi og spár um þróun markaða í næstu framtíð. Frá afurðatekjum er síðan dregin beinn útlagður vinnslukostnaður. Það er rétt að vekja athygli á því að við slíka útreikninga hefur ekki verið tekið tillit til sölukostnaðar, stjórnunarkostnaðar og fjármagnskostnaðar, en það þyrfti að gera í framtíðinni. Félagið gerir ráð fyrir því að í lok árs verði öll sala ársins gerð upp miðað við rauntölur og komi í ljós að markaðurinn hafi skilað meiru en ráð var fyrir gert við verðákvarðanir innan ársins verður bændum greidd uppþót ofan á skilaverð.

Horfur á útflutningsmörkuðum eru þokkalegar til skemmri tíma lítið, en gert er ráð fyrir töluverðum verðsveiflum á næstu misserum. Nú er mest eftirspurn eftir smjöri. Þó að verð hafi lagast undanfarna mánuði stendur skilaverð fyrir þennan útflutning vart undir breytilegum kostnaði íslenskra kúabænda eins og hann hefur verið skilgreindur af LK.

Undanfarin ár hafa töluverðar vonir verið bundnar við skyrútflytning, fyrst og fremst til Bandaríkjanna. Skilaverð fyrir umfram mjólk sem fer til skyrútflytninga er umtalsvert hærra en það sem fæst með duffframleiðslu. Útflutningur hefur hins vegar verið takmarkaður, um 130 – 150 tonn á ári og hefur staðið í stað. Í fyrra lækkaði skyrverð einnig umtalsvert og útflutningur stóð ekki undir 40 krónu verði til bænda. Tekist hefur að laga afkomu af skyrútflytningi með því að taka á öllum þáttum framleiðslu, flytninga og verðlagningar. Þá hefur verið samið við fyrirtækið Wholefoods í Bandaríkjunum um að opna skyrinu leið í allar 170 verslanir fyrirtækisins. Þrátt fyrir þetta hefur magnið ekki vaxið umtalsvert, þótt greinileg batamerki megi greina. Nú er í bígerð að auka þann kraft sem MS setur í markaðssetningu og sölu á skyri vestra. Auk útflutnings til Bandaríkjanna hefur félagið freistað þess að finna heppilega dreifileið fyrir 380 tonna kvóta af skyri sem það má flytja tollfrjálst til Evrópu. Í september fer til dæmis fyrsta skyr-sending félagsins til Finnlands og verður dreift þar í gegnum stórar verslanakeðjur.

Afkoma félagsins batnar enn – hagnaður á árinu?

Afkoma Mjólkursamsölnnar fyrstu 6 mánuði ársins batnar töluvert frá fyrra ári. Það má fyrst og fremst rekja til hagræðingar í rekstri og þeirrar verðhækkunar sem varð á mjólkurvörum í ágúst í fyrra. Ef félagið verður ekki fyrir áföllum á síðari helmingi ársins má gera ráð fyrir að rekstrarniðurstaða í árslok verði jákvæð.

Fjórir meginþættir ráða afkomu Mjólkursamsölnnar.

1. Tekjur sem félagið aflar á markaði og ráðast að verulegu leiti af ákvörðunum verðlagsnefnda og þeirri eftirspurn sem er eftir mjólkurvörum.
2. Hráfnisverð sem ákvarðað er til bænda, en um helmingur kostnaðar MS er nú vegna mjólkurkaupa.

- Innri kostnaður félagsins við söfnun, vinnslu, afsetningu og dreifingu afurðanna.
- Gengi krónunnar skiptir einnig verulegu máli. Erlend aðföng, umbúðir og íblöndunarefni, kosta nú meira en nemur öllum launakostnaði félagsins.

Eftirspurn eftir mjólkurvörum hefur verið sterk og heildarmagníð svipað og á fyrra ári, en almenn dagvörusala hefur hins vegar dregist saman um 3% ofan í þann samdrátt sem var í fyrra. Undanfarin misseri hefur þess orðið vart að fólk hefur að einhverju marki keypt meira af ódýrari mjólkurvörum í stað dýrari og það virðist í takt við reynslu í öðrum greinum matvælaframleiðslu. Á móti þeirri þróun hefur vegið sú verðhækkun sem félagið fékk í fyrrahaust.

Innri kostnaður félagsins hefur lækkað umtalsvert með áframhaldandi hagræðingu þrátt fyrir hækkun ýmissa liða af utanaðkomandi ástæðum. Launakostnaður lækkar, þrátt fyrir launahækkunir og hærra launatengd gjöld, sem renna til ríkisins. Viðhaldskostnaður og ýmis aðkeypt þjónusta lækkar einnig umtalsvert. Þessi hagræðing er áfram mikilvægasti þátturinn í batnandi afkomu félagsins. Á síðari hluta ársins gerir félagið ráð fyrir að byrja að ná umtalsverðum árangri í lækkun aksturskostnaðar með breytingum á millibúaaakstri.

Fyrstu sex mánuði ársins tók félagið á sig töluverðar kostnaðarhækkunir vegna gengis. Áhrif gengisbreytinga koma hægt inn í rekstur MS. Umbúðir og íblöndunarefni eru keypt í stórum skömmtum til að halda niðri einingaverði. Þegar snöggar gengissveiflur koma fram býr félagið að ódýrari umbúðum í einhvern tíma en þarf svo að taka á sig högg við síðar. Þótt gengi krónunnar sé lítið að breytast á þessu ári og hafi jafnvel lækkað gagnvart evru er MS að kaupa inn ýmislegt á óhagstæðara gengi en í fyrra.

Undanfarin fimm ár hefur náðst fram umtalsverð hagræðing í mjólkuriðnaði. Fyrir vikið hefur verið hægt að hækka mjólkurverð til bænda umfram vísitölur. Mjólkurverð til bænda hækkað á þessu tímabili um 66%. Heildsöluverð afurðanna hefur á sama tíma hækkað um 39% og neyslúvísitalan um 45%. Þróun þessara lykilorða hefur því tafið fyrir því að rekstri félagsins væri snúið í viðunandi hagnað. Rekstrarafkoman hefur hins vegar farið batnandi og það hefur verið gerlegt með stöðugri hagræðingu með fækkun starfsmanna, einföldun í markaðs- og sölukerfum, einföldun framleiðslulína og fækkun og sérhæfingu mjólkursamlaga. Félagið hefur nú nýtt stærri hagræðingartækifæri við óbreytt skipulag starfseminnar. Taprekstur undanfarinna ára hefur gengið á eigið fé fyrirtækisins og má ekki vera lægra. Færa má rök fyrir því að til að félagið geti endurnýjað tækjakost sinn þurfi rekstrarniðurstaða að vera a.m.k. 350 milljónir króna á ári. Sem fyrr segir hefur afkoman batnað töluvert fyrstu sex mánuði ársins, borið

saman við sama tímabil í fyrra og félagið eygir möguleika á hagnaði á þessu ári.

Takmarkanir á flutninga með mjólkurbílum

Undanfarna mánuði hefur aukist ásókn í að flytja ýmiskonar varning með mjólkurbílum. Bæði hefur magníð aukist og óskir komið um fleiri vöruflokka. Þessir flutningar hafa verið gjaldfrjálsir og málið hugsað þannig að það sé til hagræðis fyrir bændur að geta fengið sendan í viðlögum smávarning með mjólkurbílum. Nauðsynlegt er í ljósi umfangs og aukinnar eftirspurnar að setja þessum flutningum ákveðinn ramma. Meðal þess sem skiptir máli í þessu samhengi er að mjólkursöfnunin er undanþegin ákvæðum um hvíldartíma vegna eðlis starfseminnar og í ljósi þess að aðeins sé verið að flytja mjólk. Í öðru lagi er nauðsynlegt að setja hömlur við flutningi á ýmsum efnavörum, vegna þess að bílstjórar hjá okkur hafa ekki réttindi til að flytja td sýru, sóða og klór og olíuvörur. Loks má geta þess að til þess að ná niður flutningskostnaði verður að gera kröfu um styttri viðveru á hverjum bæ með meiri dæluafköstum og hraðari afgreiðslu. 1.september næstikomandi taka gildi nýjar reglur um flutninga með mjólkurbílum. Þær verða í meginatriðum þessar.

- Mjólkurbílar sinna neyðarþjónustu við mjólkurbændur, sem eiga þess kost að fá varahluti og minni búnað til mjólkurframleiðslunnar sendan með bílunum
- Ekki verða fluttar efnavörur með bílunum.
- Mjólkurbændur geta áfram fengið allar mjólkurvörur sendar heim, en aðrar almennar neysluvörur verða ekki fluttar með mjólkurbílum.

Pappírslaus viðskipti

Tölvusamskipti og rafræn viðskipti hafa gerbreytt möguleikum til að miðla upplýsingum og gera samskipti virkari. Mjólkursamsalan er nú að kanna möguleika á að auka og efla rafræn samskipti og viðskipti með ýmsum hætti. Til dæmis er verið að skoða möguleika á að hætta að senda launaseðla í pósti, en gera þá þess í stað aðgengilega á netinu og í gegnum heimabanka. Þetta hafa fjölmörg stærri fyrirtæki þegar gert og hafa af því töluvert hagræði. Þessi samskiptamáti gefur með sama hætti möguleika á að hagræða í samskiptum og viðskiptum við bændur þegar tölvutengingar hafa verið bættar. Tengt þessum vangaveltum er nú að hefjast vinna við endurbætur á Auðhumluvefnum, þannig að hann verði þjálfi í meðförum og skapi bændum greiðari leið að upplýsingum.

Með kveðju,
Einar Sigurðsson